

## Leiðbeiningar

### Hvernig er aðstandendum veittur aðgangur að Innu

Athugið: Nota þarf [Íslykil eða rafræn skilríki](#) til að skrá sig inn á [Innu](#)


### Hvernig skráir nemandi sem er eldri en 18 ára, aðgang fyrir aðstandanda?

Skráðir aðstandendur nemenda yngri en 18 ára hafa aðgang að Innu, upplýsingakerfi skólans og geta fylgst m.a. með námsframvindu og viðveru nemandans. Í Innu geta aðstandendur einnig skráð veikindi nemandans.

Þegar nemandi verður 18 ára lokast fyrir aðgang aðstandenda að Innu en nemandinn getur hins vegar opnað hann aftur og veitt aðstandendum áframhaldandi aðgang að Innu.

### Leiðbeiningar – Opnað fyrir aðgang aðstandenda nemenda eldri en 18 ára

1. Nemandi skráir sig inn í Innu.
2. Smellt er á mynd nemandans efst á stikunni og þar er valið „Ég“ í þeirri valmynd eru persónuupplýsingar nemandans.



3. Opnaður er linkurinn „Aðstandendur“ sem er neðst í valmynd nemandans.
4. Með því að setja „Já“ í stað „Nei“ í „Aðgangur“ er aðstandanda gefinn opinn aðgangur að Innu nemandans.

